



# **Hvaða veganesti vill fræðasamfélagið gefa Borginni vegna yfirfærslunnar og þróunar þjónustu fyrir fatlað fólk?**

## **Hugarflugsfundur um þróun þjónustu við fatlað fólk**

Grand hóteli Reykjavík

7. júní 2010

**Rannveig Traustadóttir prófessor  
Háskóla Íslands**



# Yfirfærsla málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga

- Yfirfærslan skapar söguleg tímamót og einstakt tækifæri til nýsköpunar og nýbreytni í málefnum fatlaðs fólks
- Þrjú lykilatriði sem þurfa að vera leiðarljós á þessum mikilvægu tímamótum
  - 1. Nýr skilningur á fötlun**
  - 2. Ný hugmyndafræði**
  - 3. Nýr mannréttindasáttmáli**



# 1. Nýr skilningur á fötlun

## Þrjár helstu leiðir til að skilja fötlun

- 1. Einstaklingsbundinn líf- og læknisfræðilegur skilningur**  
Sýn á mannlegan margbreytileika sem lítur á fötlun sem “galla” eða “afbrigðileika” og líf fatlaðs fólks sem persónulegan harmleik
- 2. Félagslegur og menningarlegur skilningur**  
Hafnar einstaklingsbundnum skilningi á fötlun og telur að félagslegar og menningarhelgar hindranir skapi marga flesta erfiðleika sem fatlað fólk þarf að takast á við
- 3. Tengsla- eða samskiptaskilningur**  
Rýnir í tengsl og samskipti milli einstaklings og umhverfis/samfélags. Fötlun verður til í þessu samspili



## 2. Ný hugmyndafræði - Sjálfstætt líf

- Hugmyndafræðin um sjálfstætt líf er þróuð af fötluðu fólki og hefur verið lykilatriði í baráttu þess um langt árabíl
- Á sama tíma og hugmyndafræðin um *eðlilegt líf* er að fjara út – hefur hugmyndafræðin um sjálfstætt líf orðið sífellt sterkari, fágaðri og fengið vaxandi pólitíska þunga
- Fjölmörg lönd hafa nú stefnu, lög og starfsreglur um sjálfstætt líf sem raunverulegt val fyrir fatlað fólk, þar með talið beingreiðslur og notendastýrða persónulega aðstoð



# Hvað er sjálfstætt líf?

- **Nokkur grundvallaratriði:**

- Áhersla á mannréttindi og borgaraleg réttindi fatlaðs fólks og á rétt til samfélagsþátttöku á borð við aðra
- Sjálfstætt líf gerir fötluðu fólki kleift að stýra eigin lífi og hafa sama val og annað fólk
- Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA) er lykilatriði til að geta lifað sjálfstæðu lífi
- Persónulegri aðstoð er stýrt af fötluðu fólki, sem ákveður hver, hvar, hvenær og hvernig aðstoðin er veitt



# Hvað er “sjálfstæði” og “sjálfstætt líf”?

- **Hreyfing fatlaðs fólks um sjálfstætt líf ögrar hefðbundnum skilningi á “sjálfstæði”**
  - Sjálfstæði felst ekki í líkamlegri eða vitsmunalegri færni til að sjá um sig sjálf og framkvæma alla hluti án aðstoðar
  - Sjálfstæði felst í því að hafa aðgang að þeirri aðstoð sem þarf til að geta tekið þátt í daglegu lífi í samfélaginu til jafns við aðra



### 3. Nýr mannréttindasáttmáli

- **Söguleg tímamót þegar Samningur SÞ um réttindi fatlaðs fólks tók gildi árið 2007**
  - Samningurinn er víðtækur mannréttindasáttmáli sem leggur áherslu á bann við mismunun á grundvelli fötlunar
  - Meginmarkmið Samningsins er að koma á fullum og jöfnum mannréttindum fyrir fatlað fólk
  - Staðfestir og ítrekar nýjan skilning á fötlun – félagslegan tengslaskilning



# Skilningur á fötlun í Samningi SÞ

- Samningurinn viðurkennir “að fötlun er hugtak sem þróast og breytist og að fötlun verður til í samspili einstaklinga sem eru með skerðingar, og umhverfis og viðhorfa sem hindra fulla og virka samfélagþátttöku til jafns við aðra.” (Formáli) (Mín þýðing)\*
- Samningurinn krefst: “Virðingar fyrir fjölbreytileika og viðurkenningar á fötluðu fólki sem hluta af mannlegum margbreytileika og mannlegu eðli” (3. grein) (Mín þýðing)

\* Íslensk þýðing Samningsins er um margt gölluð. Ég hef því kosið að styðjast við ensku útgáfuna og hef þýtt þessa grein sjálf



# Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks

- Samningurinn lítur á fatlað fólk sem borgara og samfélagsþegna. Ekki sem óvirka þiggjendur góðgerðar og velferðar heldur sem virka þátttakendur og aðila að samfélaginu
- Mannréttindasjónarhorn Samningsins samrýmist vel íslenskri og norrænni stefnu í málefnum fatlaðs fólks
- Hins vegar er mikilvægt að átta sig á að mannréttindaáhersla Samningsins felur í sér gagnrýni á “velferð” og þar með á velferðarstefnu Norðurlanda, sem þurfa að rýna í og endurskoða hvaða merkingu “velferð” hefur í tengslum við fatlað fólk



# Nokkur lykilatriði Samningsins

- **Hugtökin**

- **Virðing** (að virða óskir fatlaðs fólks)
- **Bann við mismunun** (að fjarlægja hindranir)
- **Jafnrétti og jöfn tækifæri** (að skapa samfélag sem býður alla velkomna og einkennist af félagslegu og efnahagslegu réttlæti)

**eru lykilatriði í Samningnum**

- **Þetta eru líka lykilhugtök í hugmyndafræðinni um sjálfstætt líf**



# Samningur SP og umbætur í málefnum fatlaðs fólks (1)

- “Markmið Samningsins er að stuðla að, verja og tryggja full og jöfn mannréttindi og mannfrelsi fyrir allt fatlað fólk og vinna að virðingu fyrir meðfæddri manngöfgi þess (1. grein) (Mín þýðing)



## Samningur SP og umbætur í málefnum fatlaðs fólks (2)

- Umbætur í málefnum fatlaðs fólks eru ekki lengur bara æskilegar – þær eru við það að verða lagaleg skylda
- Norðurlöndin hafa öll undirritað eða staðfest Samninginn – það sama á við um Evrópusambandið, Evrópulönd og flest önnur lönd
- Öll þessi lönd, líka Ísland, þurfa að vinna að því, í hverju landi og á alþjóðavettvangi, að innleiða og framkvæma samninginn. Jafnframt þarf að setja á fót virkt, öflugt og sjálfstætt eftirlitskerfi. Samningurinn kveður á um hvoru tveggja



# Umbætur

## krefjast þess að við vinnum saman

- Til að umbætur skili árangri þurfa allir hagsmunaaðilar að vinna saman. Skapa verður vettvang fyrir samráð og samstarf. Helstu hagsmunaaðilar sem þurfa að koma að málum eru
  - Fatlað fólk
  - Stjórnmálamenn, stjórnendur og fagfólk
  - Fræðasamfélagið
- Skapa þarf vettvang fyrir slíkt samstarf og skilgreina hverjir skuli leiða það
- Skilgreina hvaða grundvallarsjónarmið skuli höfð að leiðarljósi
- Fræðsla um nýjar hugmyndir og sjónarhorn er lykilatriði



# Endurnýjun, umbætur og framþróun í málefnum fatlaðs fólks

- Árangursríkar endurbætur og endurnýjun í málefnum fatlaðs fólks krefst
  - Virkrar þátttöku fatlaðs fólks
  - Hugmyndafræði sem gefur framtíðarsýn, stefnu og grundvöll til að byggja á
  - Trausts þekkingargrunns
- Hér á landi er brýnt að stilla saman strengi til að ná þeim markmiðum sem við stefnum að



# Lykilatriði frampróunar í málefnum fatlaðs fólks

- **Samningur SP** byggir á **nýjum skilningi á fötlun**. Hann skapar jákvætt alþjóðlegt umhverfi, einstakt tækifæri og setur fram kröfur um staðbundið og alþjóðlegt átak og samstarf til frampróunar á grundvelli Samningsins
- Hreyfingar fatlaðs fólks bjóða fram **hugmyndafræðina um sjálfstætt líf** sem veitir framtíðarsýn og vísar veg til umbóta sem samrýmast Samninginn og kröfum hans um mannréttindi, jafnrétti og virðingu
- Á Íslandi er nú einstakt sögulegt tækifæri til umbóta og endurnýjunar í tengslum við **yfirfærslu málefna fatlaðs fólks** frá ríki til sveitarfélaga



**Rannveig Traustadóttir, prófessor og forstöðumaður  
Rannsóknasetur í fötlunarfræðum**

**Félagsvísindasvið  
Háskóli Íslands**

[rannvt@hi.is](mailto:rannvt@hi.is)

<http://www.fotlunarfraedi.hi.is>